



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

# HEILSUGÆSLUSTÖÐIN HAMRABORG, KÓPAVOGI

## LEIGUHÚSNÆÐI

### SKILAGREIN



JANÚAR 2007

---

## EFNISYFIRLIT

1	UPPHAF VERKEFNIS.....	3
2	HÚSLÝSING/ HÚSRÝMISÁÆTLUN .....	3
3	TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI .....	3
4	LEIGUSAMNINGUR .....	3
5	SAMSKIPTI Á HÖNNUNAR- OG BYGGINGARTÍMA.....	3
6	HÖNNUÐIR.....	4
7	BYGGINGARFRAMKVÆMDIR .....	4
8	BÚNAÐARKAUP.....	4
9	VERKLOK.....	4

---

## 1 UPPHAF VERKEFNIS


Verkefnið barst Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR), frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, í byrjun maí 2005. Óskað var eftir að FSR hefði tilsjón með leigusamningi sem Heilsugæsla Reykjavíkur hafi gert við Ris ehf um húsnæði fyrir heilsugæslustöð að Hamraborg 8, Kópavogi.

## 2 HÚSLÝSING/ HÚSRÝMISÁÆTLUN

Húslýsing og húsrýmisáætlun ásamt grunn-teikningum af húsnæðinu voru fylgigögn leigusamnings sem undirritaður var þann 13. apríl 2005.

## 3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið lét vinna húsnæðislýsingu í samráði við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Ríkiskaup auglýsti síðan eftir húsnæði að beiðni heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis með heimild fjármálaráðuneytis. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið yfirfór tilboðin og tók ákvörðun um val á húsnæði.



Skeggrætt um flutningstilhögun.

## 4 LEIGUSAMNINGUR

Fjármálaráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sáu um gerð leigusam-

ings. Leigusamningur var undirritaður 13. apríl 2005, um leigu til 25 ára á 1.051 fermetra húsnæði að Hamraborg 8, Kópavogi. Afhending húsnæðis skyldi fara fram eigi síðar en 1. október 2005.

## 5 SAMSKIPTI Á HÖNNUNAR- OG BYGGINGARTÍMA

Þar sem húsnæðið var að mestu óinnréttað, þegar leigutilboði var tekið, tilnefndu leigutaki og leigusali tengiliði til að annast samskipti milli aðila, þar til húsnæðið yrði afhent.

Leigutaki tilnefndi Guðmund Pálsson verkefnastjóra hjá FSR og leigusali tilnefndi Sigurfinn Sigurjónsson Ris ehf.

Hönnun var að mestu lokið þegar FSR kom að verkefninu og var kveðið á um að hönnun skildi allri lokið eigi síðar en 6. maí 2005.

Haldnir voru 14 verkstöðufundir á tímabilinu 01. júní til 26. október 2005 og framkvæmdar voru 2 formlegar úttektir í nóvember 2005.



Skrifstofa heimahjúkrunar.



Loftræsikerfið var stórt og öflugt enda engin opnanleg fög í húsinu vegna ytri aðstæðna.

## 6 HÖNNUÐIR

Eftirfarandi aðilar önnuðust hönnun húsnæðisins:

Arkitektastofa, Benjamíns Magnússonar  
Burðarþol og Iagnir: Verkfræðistofa  
Hamraborg

Loftræsing: VSB Verkfræðistofa  
Raflagnir: Lumex ehf.



Sérhannaðir skápar fyrir gögn starfsfólk heimahjúkrunar.

## 7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR

Framkvæmdir við innréttingu hins leigða hluta hússins hófust í byrjun maí 2005, en áður hafði verið tekin í notkun hluti neðri hæðar sama húss undir bankastarfsemi.

Framkvæmdum lauk rúmum mánuði síðar en ætlað var og breyttust áætlanir lítillega á framkvæmdatíma.



Skrifstofa ritara.

## 8 BÚNAÐARKAUP

Framkvæmasýslunni var einnig falið að sjá um búnaðarkaup. Til búnaðarkaupa og til vinnu við tilsjón var heimilað 21 m.kr. Um 15 m.kr. nýttust til kaupa á nauðsynlegum búnaði enda allnokkuð hægt að nýta af búnaði eldri stöðvar. Um 2 m.kr. nýttust til vinnu við búnaðarkaup og tilsjón með byggingu og um 4 mkr eru þá ónýttar að verki loknu. Búnaðarkaup gengu mjög vel og í fullri samvinnu við notendur stöðvarinnar.

## 9 VERKLOK

Heilsugæslan flutti í húsið á tilsettum tíma og hófst starfsemi þar 12. desember 2005.

### Staðfesting skilagreinar

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

Óskar Valdimarsson, forstjóri